

Föstudaginn 2. október 1959.

Nr. 139/1958. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson hrl.)
 gegn

John Oliver Emmons (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dómdendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
 og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
 Magnús P. Torfason.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Erlendur Björnsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, og sam-
 dómsmennirnir Friðbjörn Hólm og Sveinlaugur Helgason
 hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur
 framkvæmt athugun á staðarákvörðunum í máli þessu og
 markað þær á sjouppdrátt. Samkvæmt hornamælingum yfir-
 manna varðskipsins kl. 11.27 hinn 16. apríl 1957 reyndist
 dufl varðskipsins, sem sett var út kl. 09.42 sama dag, um
 0,3 sm innan fiskveiðimarka og togari ákærða þá eftir rat-
 sjarákvörðun varðskipsins um 1,2 sm innan sömu marka.
 Er þessum niðurstöðum eigi hnekkt af neinu, sem fram
 hefur komið í málinu. Samkvæmt þessu og gögnum, sem
 rakin eru í héraðsdómi, er sannað, að ákærði hafi verið
 að ólöglegum botnvörpuveiðum, er varða við lagaboð þau,
 sem í héraðsdómi greinir, sbr. og lög nr. 4/1924. Þykir refs-
 ing ákærða hæfilega ákveðin 100.000,00 króna sekt til
 Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað
 sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu
 dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað ber að
 staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með
 talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5.000,00
 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, John Oliver Emmons, greiði 100.000,00 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Ágústs Fjeldsteds, kr. 5.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 18. apríl 1957.

Mál þetta er með ákæruskjali, dags. í dag, höfðað gegn John Oliver Emmons, skipstjóra á brezka togaranum Wellard, GY 300, til refsingar samkv. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, fyrir brot gegn lögum nr. 5/1920, 1. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum við Hvítunga út af Eystrahornj innan markalínunnar samkv. 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952, og til upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 27. maí 1923. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Í fyrradag var varðskipið Þór á eftirlitsferð við Hvítunga. Kl. 9,42 var dufl sett út við annan togara. Samtímis var togarinn Wellard, GY 300, að bera í Súlur, fjarlægð 2,2 sjómílar.

Kl. 10,00 var haldið að togaranum, er var á leið frá landi, kl. 10,15 blásið með flautunni, kl. 10,16 skotið púðurskoti. Kl. 10,19 stanzaði varðskipið hjá togaranum. Hafði hann þá tekið inn vörpu, en allir 4 hlerar voru hangandi í gálgum. Vænn poki af fiski var á frampilfari og ekki hleypt úr honum, eins og venja er.

Kl. 11,27 var gerð svofelld staðarákvörðun við duflið:

Hvalsnessviti	>	33°	15'
Mælifellstindur	>	33°	39'
Búlandstindur	>	33°	39'

Dýpi 97 metrar. Mælingar þessar gefa stað duflsins 0,2 sjómí-
ur innan fiskveiðitakmarkanna og stað togarans Wellards 1,1 sjóm.
innan fiskveiðitakmarkanna kl. 9,42. Ákærði tók þátt í að gera
staðarákvörðunina ásamt yfirmönnum varðskipsins. Hefur hann
þó vefengt þýðingu hennar með þeirri röksemd, að duflið kunn
að hafa borizt fyrir straumi frá upphaflegum stað.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið að togveiðum, nokkru
áður en varðskipið kom á vettvang, og hafa lokið við að toga inn
vörpuna um kl. 9,35 og siglt síðan á hægri til hálfri ferð líklega
í ASA, þ. e. frá landi nokkurn veginn hornrétt á markalínuna.
Ef skip hans var 1,1 sjómílu innan línunnar kl. 9,42, hefur stað-
ur þess kl. ca. 9,35, þegar lokið var að taka inn vörpuna, verið
enn þá nær landi og því einnig innan fiskveiðitakmarkanna.

Ákærði hefur haldið því fram, að straumur hafi verið mikill
á þessum slóðum, og kunnj duflið því að hafa borizt til á tíma-
bilinu frá kl. 9,42 til kl. 11,27. Á þetta verður ekki fallizt, því að
í rannsókn málsins hafa skipherra og tveir stýrimenn staðfest, að
staðarákvörðun hafi verið gerð hjá duflinu kl. 9,42 ásamt dýptar-
mælingu, og hafi niðurstaða þessara mælinga orðið alveg hin sama
og kl. 11,27, enda hafi akkerið, sem hélt duflinu, verið fast í botni
og ekki náðst upp, þegar duflið var tekið upp.

Þá kveður ákærði hafið að byggja á miðun varðskipsins við
Súlur kl. 9,42, með því að fjallið sé í 29 sjómílna fjarlægð frá
stað duflsins og sjólag og veður verið mjög óhentugt til miðana,
skyggni slæmt með móðu og skúrалеiðingum. Þar sem ákærði hef-
ur ekki fært sönnur að því, að ekki hafi sézt til fjallsins kl. 9,42,
og fjallasýn virðist að öðru leyti hafa verið sæmileg, er ekki hægt
að taka þessi andmæli ákærða til greina.

Loks hefur ákærði haldið því fram í vörn málsins, að varð-
skipið hafi stöðvað hann 12,2 sjómílu út af Hvalsnesi, en þangað
hafi hann siglt með ca. 2½ sjómílna hraða á klukkustund, frá því
að hann hafði lokið við að vinda inn vörpuna um kl. 9,35, og jafn-
vel stöðvað vélina tvisvar á leiðinni. Hann hljóti því að hafa ver-
ið um 7 sjómílu út af Hvalsnesi, þegar hann lauk við að vinda
inn vörpuna. Ákærði hefur ekki fært sönnur á þessar staðhæfing-
ar sínar, enda eru þær fram komnar, eftir að rannsókn máls var
lokið, og hefur dómarrinn ekki getað rannsakað þetta atriði nánar.
Er því ekki hægt að taka þessar staðhæfingar til greina.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið rakið, verður það að teljast sannað með eiðfestum vitnisburðum skipherrans á Þór og fyrsta og annars stýrimanns á varðskipinu, að ákærði hafi fyrir og um kl. 9,35 umræddan dag verið að vinda inn vörpu togarans Wellards, GY 300, á stað, sem var meira en 1,1 sjómílu innan fiskveiðitakmarka, enda hefur ákærði ekki gert nægilega grein fyrir því, hvers vegna hann sigldi frá landi með fisk í poka á þiljum, þegar hann sá varðskipið koma á vettvang. Þykir athæfi ákærða varða við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952. Varðar þetta hann refsingu samkv. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952.

Þar eð skip ákærða, togarinn Wellard, GY 300, er samkv. mælibréfi 514,24 rúmlestir brúttó, þykir refsing hans með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu hæfilega ákveðin kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innan borðs í togaranum Wellard, GY 300, svo og veiðarfæri hans öll að meðtöldum dragstrengjum skal vera upp-tækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Dómsorð:

Ákærði, John Oliver Emmons, greiði kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innan borðs í togaranum Wellard, GY 300, svo og veiðarfæri hans öll að meðtöldum dragstrengjum skal upp-tækt vera til handa sama sjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.